



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Ráðhúsið  
101 REYKJAVÍK

***Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf Reykjavíkurborgar við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna lesvanda barna - R20010131***

Á Íslandi er til gagnreynt námsefni s.s. Leið til læsis, ásamt handbók og skimunarprófum. Til að hægt sé að setja íhlutun í gang þurfa upplýsingar úr skimun heilsugæslu að berast skóla og skólinn að grípa til viðeigandi aðgerða/íhlutunar.

Fyrirspurnir:

1. Eru skólar í Reykjavík í formlegu samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þegar og ef í ljós kemur í þroskamati vísbendingar um að barn komi til með að glíma við les- og lesskílningsvanda?
2. Ef svo er, hvernig er því samstarfi háttað hvað þetta atriði varðar nákvæmlega?
3. Hvernig er stuðningur og eftirfylgni við þessa nemendur tryggður í skólum Reykjavíkur?

**Svar við spurningu 1 og 2**

Ekkert samstarf hefur verið formlegt með samningi milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og leikskóla í Reykjavík. Hins vegar hafa starfsmenn nokkurra heilsugæslustöðva þá vinnureglu að hafa, með samþykki foreldra, samband við leikskóla eftir hverja heimsókn barns 2;6 og 4;0 ára. Mikil ánægja er með það fyrirkomulag og í leikskólum í Grafarholti og Úlfarsárdal eru upplýsingarnar skráðar með formlegum hætti og skilað til grunnskóla (sjá „Já það er gott að lesa“). Aðrar heilsugæslustöðvar hafa samband við leikskóla þegar grunur vaknar um þroskavanda hjá börnum. Sumir leikskólar skrá þessar upplýsingar á meðan aðrir hafa ekki skipulagt formlega úrvinnslu á upplýsingunum.

Markmið Brigance skimunarinnar er að skoða grófhreyfingar og ákveðna þætti í málþroska barns (orðaförða, setningar). PEDS er spurningalisti sem lagður er fyrir foreldra ef þeir hafa áhyggjur af þroska barns. Listinn er til á mörgum tungumálum. Matstækin gefa vísbendingar um stöðu barna m.a. í málþroska sem er undirstaða árangurs í lestrarnámi. Brigance skimun getur aðeins gefið vísbendingar um stöðu í málþroska.

Miðja máls og læsis hefur frá upphafi verið í samskiptum við sviðsstjóra ung- og smábarnaverndar og kennslustjóra sérnáms í heilsugæsluhjúkrun hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Samstarfið hefur falið í sér umræður um hvernig best er að skila upplýsingum um útkomu barna til leikskóla og að halda fræðslu fyrir hjúkrunarfræðinga ung- og smábarnaverndar. Nýlega hafa verið haldin fræðslunámskeið fyrir 110 hjúkrunarfræðinga ung- og smábarnaverndar um málþroska ungra barna (12-18 mánaða) og tví- og fjöltyngdra Íslendinga. Þessi fræðsla var haldin í samvinnu við Heyrnar og talmeinastöð Íslands. Þar var m.a. lögð áhersla á að skýra þætti í skimunartækjum með tilliti til ákveðinna þroskaáfanga. Hjúkrunarfræðingar voru hvattir til að vísa börnum í frekari þjónustu, frekar en að styðjast við hugsunina „að bíða og sjá til“. Einnig voru þeir hvattir til að meta öll börn óháð uppruna, m.a. með því að leggja fyrir skimunartæki og fá þannig tækifæri til að tala við foreldra sem

flestir eru innflytjendur um þjónustu í boði.

Starfsfólk Miðju máls og læsis hefur sagt hjúkrunarfræðingum frá hinni miklu ánægju leikskólanna þegar starfsmenn heilsugæslu hafa samband vegna allra barna og tækifærinu sem það gefur á að mynda tengsl, ræða mál og skrá niðurstöður sem fylgja síðan barninu í grunnskólann. Þetta er dæmi um afburðagott samstarf milli heilsugæslu og skóla. Hins vegar hafa starfsmenn sumra heilsugæslustöðva tjáð sig um að þeir sjái sér ekki fært að taka upp þetta verklag.

### Svar við spurningu 3

#### Leikskólar:

Í 49% leikskóla í Reykjavík var skimunarprófið EFI2 lagt fyrir 3-4 ára börn til að kanna stöðu í málskilningi og máltjáningu árið 2018. Leikskólakennarar hafa tjáð ánægju með aðgang að þessu skimunataeki. Samantekt á niðurstöðum styður við skipulegt starf leikskólans.

Í 99% leikskóla (2018) er HLJÓM-2 skimun lögð fyrir börn í elsta árgangi. Markmið þessarar skimunar er að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir að lenda síðar í lestrarerfiðleikum. Þegar niðurstöður liggja fyrir úr skimuninni eru þær kynntar fyrir foreldrum barnanna og í kjölfarið vinnur starfsfólk leikskólans markvisst að því að efla þá þætti sem þarf að styrkja hjá hverju og einu barni.

Annað staðlað málþroskapróf er í boði í leikskólum sem gefur upplýsingar um tjáningarfærni barna en það er mun minna notað.

TRAS er skráningarlisti sem margir leikskólar nota. Það er ekki staðlað en þeir sem hafa réttindi skrá framfarir á mál og félagslegum þáttum frá 2-5 ára aldurs.

#### Grunnskólar:

Grunnskólar fá upplýsingar um niðurstöður úr HLJÓM-2 frá leikskólum. Þegar börn byrja í grunnskóla er Lesferill, skimun í fyrsta bekk að hausti, sem er í raun *Leið til læsis*, lagður fyrir í öllum skólum nema einum (2020). Með því að leggja fyrir þetta matstæki geta kennarar áttað sig á hvaða nemendur í hópnum eru í áhættu varðandi hljóðavitund, hljóðkerfisvitund og málþroska. Í Breiðholti (Læsi allra mál), í Grafarholti/Úlfarsárdal (Já það er gott að lesa), frá Langholtsskóla og í einstaka öðrum grunnskólum er niðurstöðum *Leið til læsis* skilað til leikskólanna. Leikskólastjórar og sérkennslustjórar hafa þá tækifæri til að meta upplýsingarnar m.a. út frá þörf á að breyta áherslum í skólastarfi. Í grunnskólum borgarinnar eiga niðurstöður að vera notaðar til að útfæra stuðning við einstaklinga og skipuleggja skólastarf.

Að lokum er vert að nefna að talmeinafræðingar eru starfandi í öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Þeir sjá um greiningar og eftirfylgd vegna barna með frávík í málþroska og leiðbeina starfsfólki í leikskólum.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs